



ORKUSTOFNUN  
Vatnsorkudeild

**Þóroddur F. Þóroddsson  
Guttormur Sigbjarnarson**

**KÍSILIÐJAN VIÐ MÝVATN  
Grunnvatnsrannsóknir**

**OS-83118/VOD-10**  
Reykjavík, desember 1983

**Unnið fyrir  
Kísiliðjuna hf.**



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

**Póroddur F. Póroddsson**  
**Guttormur Sigbjarnarson**

# **KÍSILIÐJAN VIÐ MÝVATN**

## **Grunnvatnsrannsóknir**

**OS-83118/VOD-10**  
Reykjavík, desember 1983

**Unnið fyrir**  
**Kísiliðjuna hf.**

## ÁGRIP

Kísiliðjan h.f. óskaði þess þann 19. febr. 1981 að Vatnsorkudeild Orkustofnunar rannsakaði rennslisleiðir grunnvatns á milli Bjarnarflags og Mývatns samkvæmt kröfum Náttúruverndarráðs og Hollustueftirlits ríkisins til að ganga úr skugga um, hvort aukning í fosfór og köfnunarefni, sem mælt hafði í lindum við Mývatn, gæti orsakast af affallsvatni frá athafnasvæði Kísiliðjunnar. Vatnsorkudeild tók að sér þessar rannsóknir, en Kísiliðjan h.f. stóð straum af kostnaði við þær.

Vatnsorkudeild vann að þessum rannsóknum á árunum 1981 til 1983 og beitti við þær hefðbundnum aðferðum, nema hvað notað var Na-flourescein litarefni til að hella niður í grunnvatnið og safna því í kolanema, sem komið var fyrir á völdum stöðum. Að öðru leyti var gerð úttekt á fyrri rannsóknum, vatnajarðfræðileg rannsókn gerð á svæðinu og grunnvatnshæð mæld, þar sem því var viðkomið. Hitastig grunnvatnsins var mælt, efnagreiningar teknar til athugunar og straumhraði grunnvatnsins mældur.

Niðurstöður rannsóknaanna urðu þær, að grunnvatnsrennslíð frá Bjarnarflagi er til suðvesturs og vesturs og kemur fram í Helgavogi og í Kálfstjörn, en áhrifa þess gætir suður að Langavogi. Annar grunnvatnsstraumur kemur frá sunnanverðum Jarbaðshólum um baðstaðina í Grjótagjá og þaðan vestur til Vogaflóa sunnan Langavogs. Grunnvatnið er 1-2 vikur á leið sinni frá Bjarnarflagi til Mývatns, svo að áhrifa affallsvatns frá Kísiliðjunni getur hæglega gætt þar.

EFNISYFIRLIT

	bls.
ÁGRIP	2
EFNISYFIRLIT	3
MYNDA- OG TÖFLUSKRÁ	4
1 INNGANGUR	5
1.1 Tilgangur rannsókna	5
1.2 Fyrri rannsóknir	6
2 JARÐFRÆÐILEGT YFIRLIT	7
3 GRUNNVATNSRANNSÓKNIR	10
3.1 Vatnsborðsmælingar	10
3.2 Hitamælingar	12
3.3 Straummælingar í gjám	15
3.4 Dæluprófun	16
3.5 Efnagreiningar	16
3.6 Ferlun grunnvatnsstreymis með Na-fluorescein.	17
3.6.1 Inngangur	17
3.6.2 Ferlun sumarið 1981	18
3.6.3 Ferlun sumarið 1982	19
4 NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNANNA	20
HEIMILDASKRÁ	22
VIÐAUKI I. Hæðamæling fyrir Kísiliðjuna 1981	23
VIÐAUKI II. Fluorescein greiningar	33

## MYNDASKRÁ

Mynd 1	Jarðfræðikort af austurbakka Mývatns	8
Mynd 2	Borholusnið við Kísiliðjuna - Jarðlagasnið	9
Mynd 3	Sprungur og misgeng við hús og þrær Kísiliðjunnar	9
Mynd 4	Hitastig og hæð grunnvatnsborðsins við austanvert Mývatn	14
Mynd 5	Hitastig, viðnám og straumstefna í Grjótagjá við Hverfjall	20
Mynd 6	Na-fluorescein mælingar. Staðsetningarkort	21
Mynd 7	Grunnvatnsstreymi til Mývatns	22

## TÖFLUSKRÁ

Tafla 1	Nítrat og fosfat í lindum við austanvert Mývatn	5
Tafla 2	Hitamælingar í Grjótagjá	13
Tafla 3	Söfnunarhiti efnagreiningarsýna úr borholum H-2, H-3 og H-6	13
Tafla 4	Mældur straumhraði	15

# 1 INNGANGUR

## 1.1 Tilgangur rannsókna

Á árunum 1969-1978 var nokkrum sinnum mælt níttrat og fosfat innihald vatnsins í volgum lindum við Ytriflóa í Mývatni. Athuginin sýndi að fosfat og níttratstyrkur lindavatnsins hefur aukist mjög verulega eftir 1969. Jón Ólafsson hefur gert grein fyrir þessari aukningu í greininni "Könnun á aukningu fosfórs og köfnunaefnis í jarðvatni við Mývatn", sem út kom sem: Fjölrit nr. 5 hjá Náttúruverndarráði árið 1979. Dæmi um þessa aukningu eru sýnd í töflu 1.

TAFLA 1: Níttrat og fosfat í lindum við austanvert Mývatn

Ár	Helgavogur		Kálfstjörn	
	NO <sub>3</sub> - N μ <sup>M</sup>	PO <sub>4</sub> -P μ <sup>M</sup>	NO <sub>3</sub> -N μ <sup>M</sup>	PO <sub>4</sub> - P μ <sup>M</sup>
1969 2)	4,8	1,27	3,2	0,81
1971 - 1976 1)	10,9 + 1,6	1,43	3,5+1,3	1,07
Okt. 1978 1)	18,5	1,77	7,3	1,13

(Jón Ólafsson 1979 1) og Unnsteinn Stefánsson 1970 2)).

Þessi aukning verður hvorki rakin til stækkunar byggðarinnar við Reykjahlíð né aukinnar áburðarotkunar í landbúnaði. Hins vegar má skýra aukninguna með því, að hluti þess fosfórs og köfnunarefnis, sem dælt er upp við kísilgúrvinnsluna úr botni Mývatns, berist með af-fallsvatni niður til grunnvatnsins við austanvert Mývatn og þaðan í lindirnar. Þrír staðir eru tilnefndir, sem líklegir til að valda slíkri grunnvatnsmengun. Þeir eru: Frárennsli dælustöðvar, frárennsli geymsluþróa og frárennsli verksmiðju (Jón Ólafsson 1979).

Í framhaldi af þessum niðurstöðum fór Náttúruverndarráð fram á það, að komið yrði upp hreinsibúnaði, sem fjarlægði fosfatið og níttratið úr frárennslisvatninu. Heilbrigðiseftirlit ríkisins (nú Hollustuvernd ríkisins), sem hafði eftirlit með umhverfismengun frá verksmiðjunni, krafðist þess að rannsakadar væru rennslisleiðir frárennslisvatnsins frá verksmiðjunni.

Í bréfi til Orkustofnunar dags. 81-02-19 fór Kísiliðjan h.f. fram á, að Orkustofnun framkvæmdi rannsókn á rennslisleiðum grunnvatnsins á milli Mývatns og verksmiðjunnar. Starfsmenn Orkustofnunar ásamt Jóni Ólafssyni, efnaverkfræðingi f.h. Náttúruverndarráðs, tóku saman rannsókn- og kostnaðaráætlun og var hún samþykkt af Kísiliðjunni h.f. þann 1981-04-27, en hún stóð straum af kostnaði við rannsóknirnar. Orkustofnun vann að þessum rannsóknum á árunum 1981-83 í samráði við Kísiliðjuna hf. Skýrslunni fylgja tveir viðaukar. Sá fyrri um hæðamælingu fyrir Kísiliðjuna árið 1981 en sá síðari er greinargerð Jóns Ólafssonar á Hafrannsóknastofnun um greiningar á Na-fluorescein sýnum og túlkun niðurstaðna þeirra greininga, sem hann annaðist. Niðurstöður þeirra birtast í þessari skýrslu.

## 1.2 Fyrri rannsóknir

Grunnvatnsrannsóknir við austanvert Mývatn hafa einkum verið unnar í tengslum við nýtingu jarðhitans í Bjarnarflagi og við Kröflu, lífríkisrannsóknir í Mývatni og almennar vatnafræðirannsóknir. Til fyrsta flokksins má telja greinargerð Guttorms Sigbjarnarsonar o.fl. (1974) um mengunarhættu frá gufuvirkjum við Kröflu eða Hverarömd, greinargerð Stefáns Arnórssonar og Einars Gunnlaugssonar (1976) um vatnasvið Hlíðardalslækjar og affallsvatn Kröfluvirkjunar, grein Jóns Ingimarssonar o.fl. (1976), um frárennsli Kröfluvirkjunar og grein Freys Þórarinssonar og Báru Björgvinsdóttur (1980) um hæð grunnvatnsborðs á Kröflu-Námafjallssvæðinu. Af greinum, sem tengjast lífríkisrannsóknnum í Mývatni, má m.a. nefna grein Unnsteins Stefánssonar (1970) um rannsóknir á efnafræði Mývatns, ýmsar greinar í ritinu "Lake Mývatn" (1979), sem Pétur M. Jónsson ritstýrði og grein Jóns Ólafssonar (1979b) um aukningu fosfórs og köfnunarefnis í jarðvatni við Mývatn. Af greinum er fjalla meira um almenna vatnajarðfræði má fyrst nefna ritið "Ground water Systems of Iceland" eftir Braga Arnason (1976), greinar Björns Jóhannessonar (1977 og 1980) um grunnvatn við Mývatn og greinargerð Þórodds F. Þóroddssonar (1980) um hitamælingar í lindum og gjám við austanvert Mývatn.

Jón Ólafsson (1979a) í samstarfi við Guttorm Sigbjarnarson (1974), sýnir megindrætti grunnvatnsaðstreymis til Mývatns, eins og þeir töldu það vera. Niðurstöður þeirra eru í verulegu ósamræmi við þær hugmyndir, sem kynntar eru í greinum Björns Jóhannessonar (1977, 1980). Bragi Arnason (1976), í samstarfi við Guttorm Sigbjarnarson, taldi vatnasvið grunnvatnsaðstreymisins til Mývatns ná allt suður til Dyngjufjalla og hluta þess ná að renna allt norður til jarðhitasvæðanna við Námafjall og Kröflu þar sem það hitnar, stígur upp og rennur m.a. til Mývatns, mismunandi blandað köldu grunnvatni. Eitthvert kalt grunnvatnsafrennsli á upptök sín á svæðinu umhverfis Hlíðarfjall og allt norður til Leirhnjúks (Jón Ingimarsson o.fl. 1976, Freyr Þórarinsson og Báru Björgvinsdóttir 1980), en það blandast nokkuð heitu jarðvatni af Leirhnjúkssvæðinu er rennur líklega allt suður til Bjarnarflags. Hollendingurinn Eric de Zeeuw nemandi Háskóla Sameinuðu þjóðanna, gerði árið 1983 efnafræðilgar rannsóknir á volga grunnvatnsstreyminu til Mývatns og vann úr eldri efnagreiningum á því. Niðurstöður hans eru í samræmi við niðurstöður þessarar skýrslu.

Jarðfræði berggrunns í Mývatnssveit hefur verið könnuð all ítarlega og eru til margar heimildir þar um, sem ekki verða raktar hér, en þeirra getið þar sem við á.

## 2 JARÐFRÆÐILEGT YFIRLIT

1. mynd er jarðfræðikort eftir Kristján Sæmundsson (1971) af athugunarsvæðinu, að viðbættum nokkrum nýjum sprungum og misgengjum, sem komu í ljós við jarðhræringar í Mývatnssveit eftir 1975.

Elsti berggrunnurinn á rannsóknarsvæðinu eru ungar móbergsmyndanir, sem gætu verið frá síðasta jökulskeiði. Námafjall-Dalfjalls móbergs-hryggurinn er 15 km langur. Hann er byggður upp úr bólstrabergi, sem myndast hefur í fleiri en einu gosi. Niður við bakka Mývatns eru tvö móbergs hrúgöld, Ytri- og Syðri-Höfði, og einnig sést móberg í hæðunum norðaustur af Reykjahlíð svo sem við ípróttavöllinn.

Við lok síðasta jökulskeiðs lá um tíma kyrrstæð jökultunga í Mývatnslægðinni. Framan við hana mynduðust þykk lög af jökulruðningi (svo nefndar Reykjahlíðar-mórenur) og víðáttumikið jökulvatnaset. Syðsti hluti jökulminjanna liggur í hæðunum norðaustur af Reykjahlíð. Þær hafa brotnað upp og misgengið, svo að jökulminjarnar liggja nú í mis-hæðóttum spildum.


Mörg hraun hafa runnið inn í Mývatnslægðina, eftir að jöklar hörfuðu þaðan. Þau elstu þeirra, Laxárhraun eldri, eru álíka gömul og öskulagið H<sub>5</sub> samkvæmt rannsóknum Sigurðar Þórarínssonar (1979), þ.e. 6400-7000 ára gömul. Elst þeirra eru hraunin frá Rauðuborgum, en síðan gaus vestan í Námafjalli og rann frá þeim gígum dílótt hraun, sem sést m.a. í Varmholti og við Stórugjá. Ofan á því liggja svo hraunin frá Gráborgum.

Eftir þetta gos virðist hafa orðið hlé á eldvirkninni í nokkur þúsund ár. Þá hófst ný goshrina með myndun Hverfjalls fyrir um 2500 árum, samtímis mun hafa gosið í Jarðbaðshólum og í Hrossadal. Laxárhraun yngra (um 2000 ára) nær norður að Vogaflóa vestan Hverfjalls, en út á það rann Svörtuborgahraun, einhvern tíma fyrir 1200-2000 árum. Yngstu hraunin eru síðan frá Mývatnseldum 1724 - 1729.

Jarðlagasniðin frá borholum við Kísiliðjuna eru sýnd á 2. mynd, en þau eru teiknuð eftir borskýrslum Jarðborana ríkisins. Upplýsingar í einstökum borskýrslum eru mjög misjafnlega nákvæmar, en trúlegast fara holurnar ekki nema í gegnum tvö hraunlög. Aðeins ein holan, hola 4, fer niður í gegnum hraunlögin. Hún er rétt vestan við Grjótagjármisgengið. Á um 25 m dýpi fer hún úr hrauninu niður í efni, sem hugsanlega er jökulvatnaset eða jökulruðningur.

Mjög virkt sprungubelti liggur um hæðirnar austan við Reykjahlíð, þar sem er að finna fjölda misgengja og er Stóragjá framhald eins þeirra (1. mynd). Mun minni hreyfingar hafa orðið vestan Grjótagjár heldur en austan hennar, eftir að Jarðbaðshólahraunið rann, þar sem er fjöldi misgengja í yngri hraunum. Á 3. mynd eru sýndar helstu sprungur í næsta nágrenni Kísiliðjunnar, sem hreyfingar urðu á samfara Kröflueldum, einkum í apríl og september 1977.






VOD:AL:472:PPF  
'84.02.0191 "


- |   |                                  |   |                           |
|---|----------------------------------|---|---------------------------|
| ▨ | Mývatnseldahraun                 | ▨ | Ruslahaugahraun           |
| ▨ | hraun frá Svörtuborgagosi        | ✕ | freatiskur öskugigur      |
| ▨ | Laxárhraun yngri                 | + | misgengi                  |
| ▨ | hraun frá Jarðbaðshólagosi       | ⊗ | gossprungu eða gjallgigur |
| ▨ | Gráborgahraun                    | ⊙ | jökulvatnaset             |
| ▨ | Rauðuborgarhraun og dilótt hraun | ⊞ | móberg og bólstraberg     |
| 2 | utan í Námafjalli 2              |   |                           |

K.Sam. '71, HP'83

MYND 1 Jarðfræðikort af austurbakka Mývatns.



MYND 2 Borholusnið við Kísiliðjuna - Jarðlagasnið.



MYND 3 Sprungur og misgeng við hús og þrær Kísiliðjunnar.

### 3 GRUNNVATNSRANNSÓKNIR

Safnað var fyrirliggjandi gögnum um rannsóknir á grunnvatni við austanvert Mývatn, en þau voru hitamælingar í lindum, gjám og borholum, efnagreiningar frá sömu stöðum og einnig óvissar mælingar á hæð jarðvatnsins í holunum við Kísiliðjuna, um 0,5 m yfir vatnsborði Mývatns. Þegar var ljóst, að þessi gögn voru á engan hátt nægileg til að draga upp skýra mynd af grunnvatnsstreyminu, og þörf væri á verulegum viðbótarrannsóknnum.

Sérstök leit var gerð að gjám, þar sem unnt var að koma mælitækjum niður í vatn og ákveðnir staðir valdir til mælinga. Um leið voru rannsakaðar nánar jarðfræðilegar aðstæður.


Nauðsynlegt var að þekkja nákvæmlega hæð jarðvatnsborðsins yfir vatnsborði Mývatns til að meta rennslisleiðir þess og voru fastmerki sett upp á nokkrum stöðum. Sjá viðauka I: "Hæðamæling fyrir Kísiliðjuna 1981" eftir Ásgeir Gunnarsson og Gunnar Þorbergsson, ÁG,GP-82/01, apríl 1982.

Litarefninu Na-fluorescein var síðan hellt niður til grunnvatnsins og það notað til að rannsaka rennslisleiðir þess. Jón Ólafsson, efnaverkfræðingur, á Hafrannsóknarstofnun sá um þessar mælingar og gerir grein fyrir mæliaðferðum og túlkun þeirra í viðauka II: "Fluorescein-greiningar".

Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum rannsóknarpáttum og hvaða niðurstöður má draga af hverjum þeirra fyrir sig. Að lokum verða niðurstöður rannsókna skýrðar sem heild.

#### 3.1 Vatnsborðsmælingar

Landmælingar Orkustofnunar voru fengnar til að setja fastmerki við nokkrar gjár (viðauki I), til þess að unnt væri að mæla hæð grunnvatnsborðsins miðað við vatnsborð Mývatns. Samtímis því að fastmerkin voru mæld, var einnig mæld hæð nokkurra borholutoppa dagana 24. maí til 3. júní 1981. Síðan var mælt dýpið frá þessum merkjum niður að vatnsborði. Hæð grunnvatnsborðsins yfir vatnsborði Mývatns er sýnd á 4. mynd. Gerð var tilraun til þess að bora holu skammt austan við Múlaveg sunnan Þjóðveggar til að mæla grunnvatnsborðið þar, ásamt öðrum mælingum. Tilraunin var gerð með loftbor, en hún mistókst. Fróðlegt hefði einnig verið að fá grunnvatnshæðina mældu í Grjótagjá skammt norðan við baðstaðinn, mælistaður nr. 5 á 4. mynd, en ekki varð af því, að fastmerki væri sett þar.



• 16 Nr. mælistaðar

24,5

Hitastig grunnvatns í °C 16.-19.5.1981

0,28

Hæð grunnvatnsborðs yfir Mývatni í m 29.5.-2.6.1981

MYND 4 Hitastig og hæð grunnvatnsborðsins við austanvert Mývatn.

Nokkrar ályktanir um mögulegar rennslisleiðir grunnvatnsins má draga af þeim vatnshæðum, sem sýndar eru á 4. mynd.

1. Halli grunnvatnsborðsins í hraunum við austanvert Mývatn er mjög líftill, þó að mikið vatnsmagn komi fram í lindunum við vatnsbakkann. Þetta bendir eindregið til mikillar lektar í hraununum.
2. Hóla 4 (mælistaður 1 á 4. mynd) er eina borholan við Kísiliðjuna, sem fer niður úr hraununum í mjög illa vatnsleiðandi lag, áður en komið er niður á grunnvatnsborðið í henni (2. mynd). Á 4. mynd sést, að vatnshæð í henni er mun hærri, heldur en í hinum holunum, en hitastig hins vegar mun lægra. Þetta er ábending um, að grunnvatnið á hraununum hafi lítil tengsl við grunnvatnið í undirliggjandi jarðlögum.
3. Aðeins 5 cm mismunur er á grunnvatnshæðinni við Kísiliðjuna (nr. 4 á 4. mynd) og í Grjótagjá (nr. 10 á 4. mynd) og vatnshæð í sprungu (nr. 9 á 4. mynd) austan Grjótagjár er einum cm hærri heldur en nr. 4 á 4. mynd. Þetta bendir til óverulegs rennslis suður eftir gjánni frá svæðinu vestan Kísiliðjunnar.
4. Grunnvatnshæðin í Stórugjá (nr. 24 á 4. mynd) bendir til þess að móbergið í Ytri-Höfða stemmi vatnið eitthvað uppi (eða gamla hraunið (1. mynd), sem Stóragjá er í), svo að grunnvatnsstreymi mun lítið norðan og austan hans, en þeim mun stríðara mun það vera um lögðina sunnan hans út í Helgavog.
5. Vestan undir Hverafjalli er grunnvatnslögð (nr. 11 á 4. mynd), sem sýnir að grunnvatnið eigi þar greiða rennslisleið vestur til Mývatns. Vatnshæðin í Grjótagjá hækkar þar bæði til norðurs (nr. 10 á 4. mynd) og suðurs (nr. 12 á 4. mynd), enda eru þarna mót volgra og kaldra strauma.
6. Sunnan Hverfjalls hækkar grunnvatnsborðið verulega meira til austurs allt að Nökkvabrekku (nr. 13 og nr. 14 á 4. mynd). Það fellur þar líklega í óreglulegum stöllum í vestlæga stefnu.

### 3.2 Hitamælingar

Á 4. mynd eru sýndar niðurstöður hitamælinga á 24 stöðum á rannsóknarsvæðinu dagana 16.-19. maí 1981. Hiti hefur verið mældur í mun fleiri lindum og nokkrum öðrum stöðum í Grjótagjá og gjám sunnan Hverfjalls, en þær voru gerðar á öðrum tímum. Margar hitamælingar á lindum og vatni í gjám eru til á Orkustofnun og víðar frá s.l. 30 árum, m.a. gerði Þóroddur F. Þóroddsson (1980) allmargar hitamælingar þar á árunum 1976-1980.

Samfara umbrotunum á Kröflusvæðinu hafa orðið umtalsverðar breytingar á hitastigi grunnvatnsins á öllu hraunasvæðinu frá Reykjahlíð og suður með Vogaflóa. Jón Ólafsson (1979b) ber saman mælingar á hitastigi í lindum við Mývatn á tímabilinu 1971 til 1978. Þar kemur fram, að hitaaukningin er mest sunnan Langavogar (nr. 19 á 4. mynd) um 15°C, en mun minni í voginum eða um 9°C og aðeins um 5°C norðan hans. Segja má að hitaaukningin hafi fyrst hafist að ráði árið 1977, þó að hún kæmi ekki fram samtímis á öllum athugunarstöðunum, en nú fer hitastigið heldur lækandi. Hitastigsbreytingarnar í Grjótagjá ("karlagjá") eru dæmigerðar um þessa þróun. Þær eru sýndar í töflu 2. Í töflu 3 eru sýndar hitastigsbreytingar í holu 2 og holu 3 við Kísiliðjuna ásamt holu 6, sem er eign Hitaveitu Reykjahlíðar.

TAFLA 2. Hitamælingar í Grjótagjá 1976 - 1983.

Dags.	°C
76 01 03	41,0
76 06 08	41,5
77 07 14	44,2
77 10 24	47,0
78 09 08	59,0
79 08 18	58,0
80 06 22	55,9
81 05 17	54,9
83 02 27	54,0

TAFLA 3. Söfnunarhiti efnagreininga-sýna úr borholunum H-2, H-3 og H-6.


Dags.	H-2; °C	H-3; °C	H-6; °C
75 06 11		30,0	
75 09 22		28,0	
75 11 24			22,0
76 06 04		28,0	
76 07 09			23,0
76 11 24		28,0	
77 05 22		33,0	
77 06 26			26,0
78 05 23		50,0	29,0
79 04 27		52,0	32,0
81 03 26	53,4	50,7	33,9

Ekki var notaður sami hitamælirinn við allar þessar mælingar, en munur á milli mæla er varla meiri en  $\pm 1$  °C. Hitinn í holu Hitaveitu Reykjahlíðar er mun lægri en í holum Kísiliðjunnar og hann breyttist einnig minna af völdum jarðhræringanna. Jón Ólafsson (1979b) kom fram með þá tilgátu að hola (H-6) Hitaveitu Reykjahlíðar dragi vatnið af meira dýpi, heldur en holur Kísiliðjunnar og þar væri því um hitafall að ræða. Þann 17. maí 1981 var dælan stöðvuð og hola hitamæld á eins metra bili í efstu 7 m. Niðurstaðan var sú að ekki var þar hægt að tala um hitafall, þar sem efst í holunni var hitastigið 36,3°C en 36,1°C við botn. Hitastigið var aðeins hærra í miðjunni, þar sem það komst upp í 37,4°C. Við hitamælingar í Grjótagjá sunnan slóðar að Hverfjalli (nr. 11b á 4. mynd) í maí 1981 kom í ljós að volga vatnið (22,6°C) var aðeins um 1 m þykkt lag ofan á köldu vatni (5,7°C á 5 m dýpi) með rúmlega 1 m þykku blöndunarlagi á milli. Niðurstöður hitamælinganna þar eru sýndar á 5. mynd. Á syðsta mælistaðnum í Grjótagjá (nr. 12 á 4. mynd) mældist yfirborðshitinn aðeins 5,4°C og var hann óbreyttur niður á 2 metra dýpi.

Í gjánum suður af Hverfjalli var hiti mældur á nokkrum stöðum árið 1980. Fannst þá ylur á tveim mælistöðum við nr. 13 á 4. mynd, 11,1°C og í gjá 50 m austar 12,3°C. Hægt var að mæla hitann á nokkrum stöðum í gjánni suður af nr. 13 og lækkaði það ört og var kominn niður 5,9°C um 300 m sunnar. Ári síðar 1981 var hitastigið þarna svo til óbreytt.

Nokkrar ályktanir um rennsli grunnvatnsins má draga af þessum hitamælingum:

1. Hitinn í Grjótagjá við baðstaðinn er meiri heldur en í borholunum við Kísiliðjuna, það bendir til þess að ekki sé verulegt rennsli þar á milli, heldur fái gjáin aðrennsli að austan, sunnan Jarðbaðshóla.
2. Hátt hitastig vatnsins í Stóruggjá bendir til þess að grunnvatnið eigi greiða aðrennslisleið að austan, en mikið lægri hiti vestur við Bjarg (nr. 22 á 4. mynd) bendir til mun hægara streymis þangað, svo að vatnið frá Stóruggjá rennur líklega meira suðvesturs til Helgavogs.
3. Hin mikla hitaaukning í Langavogi og sunnan hans bendir til að þangað liggi grunnvatnsstraumur úr austri og uppruni vatnsins sé að nokkru annar, heldur en norðan hans.



MYND 5 Hitastig, viðnám og straumstefna í Grjótagjá við Hverfjall.

4. Vestan Hverfjalls mætast kaldur grunnvatnsstraumur úr suðri og suðaustri og heitir straumar úr norðri og norðaustri. Þeir blandast þarna nokkuð saman og renna vestur í botn Vogaflóa.
5. Uppruni volga vatnsins SA af Hverfjalli er óviss. Jón Ólafsson (1979a) gerði þarna aðeins ráð fyrir köldum grunnvatnsstraum úr austri. Líklegt er að grunnvatnsstraumurinn komi þarna úr norðri eða norðaustri. Ekki er hægt að segja til um hvort þessi straumur er upprunninn af Jarðbaðshólasvæðinu, eða hann komi frá Hverarönd austan Námafjalls. Það síðarnefnda verður þó að teljast líklegra, þar sem grunnvatnsborðið mældist þarna um 1 m hærra, heldur en annað mælt jarðvatn á svæðinu. Ekkert er vitað um hvort þarna voru volgrur fyrir jarðhræringarnar.

### 3.3 Straummælingar í gjám

Beinar straummælingar í gjám voru gerðar á tvennan hátt. Í fyrsta lagi var mælt með sérstökum straumhraðamæli í eigu Orkustofnunar og öðru lagi með litarefnunum rjóma og Na-fluoresceín. Straumhraðamælir Orkustofnunar byggir á hitaskynjara. Hann hefur aðeins verið kvarðaður í kringum 5°C, svo að einhver ónákvæmni kann að vera, þar sem hann var notaður við herra hitastig svo sem í Grjótagjá (5. mynd). Straummælingin staðfesti hins vegar að straumurinn lá til suðurs við yfirborð en til norðurs neðan 1,5 m dýpis. Í blöndunarlaginu mældist mjög lítil straumhraði. Niðurstöðurnar af mælingunum í Grjótagjá (nr. 11a á 4. mynd) eru allar samandregnar á 5. mynd. Straummælirinn var einnig notaður til að mæla straumhraðann á stöðum nr. 12, 13 og 14 á 4. mynd og eru niðurstöðurnar sýndar í töflu 4.

Rjómi var einnig notaður til straummælinga í Grjótagjá á sama stað og straumhraðamælirinn, og staðfesti hann alveg fyrri niðurstöður. Fyrst var rjóma hellt í yfirborð vatnsins og hreyfingar hans mældar. Síðan var rjómanum blásið í gegn um slöngu á 1,5, 2,0 og 2,5 m dýpi og fylgst með hreyfingum hans.

TAFLA 4. Mældur straumhraði í gjám

Dýpi, m	Stöð 12	Stöð 13	Stöð 14
0	0,8 m/mín	0,6 m/mín	
1	2,3 "		1,3 m/mín
2	0,7 "		
3			1,1 "
5			1,1 "
7			0,7 "



Rjómi var notaður til að mæla yfirborðsstraumhraðann á baðstaðnum í Grjótagjá (Karlágjá") og mældist hann 3,5 m/mín til suðurs. Guttormur Sigbjarnarson gerði athuganir á straumstefnu rennslisins í Karlágjá þann 20. júlí 1967 og fékk þá einnig greinilegt rennsli til suðurs. Aftur á móti virtist rennslið í Kvennagjá þá hafa fremur norðlæga stefnu, en þó aðallega þvert á gjána. Einnig var notaður rjómi til að mæla straumhraðann í Stórugjá og mældist rennslið þar 1,5 m/mín til suðurs á aðalbaðstaðnum. Svipaða athugun gerði Guttormur Sigbjarnarson þar árið 1967, nema hvað rennslið reyndist mjög lítið.

Að kvöldi 19. maí 1981 var hellt 5-10 sl af NA-fluorescein upplausn í Stórugjá á syðsta baðstaðnum. Fylgst var með litarskýinu með því að lýsa ofan í gjána með handlugt. Á þann hátt var mjög auðvelt að fylgjast með hreyfingum vatnsins um 10 m norður eftir gjánni, en þangað dreifðist efnið á 30 mínútum eða um 0,3 m/mín að meðaltali. Fylgst var með efninu í hálf klst. í viðbót. Á þeim tíma þynntist skýið mjög og það kom aldrei fram norður í gjánni við aðalbaðstaðinn. Næsta morgun sáust engin merki um litarefnið.

Niðurstöður straummælinga í gjánum eru þessar helstar.

1. Straumhraði í gjám á mælistöðum er mikill eða allt að 3,5 m/mín, nema helst í Stórugjá, 0,33 m/mín.
2. Í Grjótagjá við slóðina að Hverfjalli var hægt að mæla blöndunarstrauma kalda og volga jarðvatnsins, þannig að volga vatnið rann til suður ofan á, en kaldavatnið rann til norðurs undir.
3. Þó að straumhraðinn sé mikill í gjánum er hann mjög óreglulegur og getur mælst í andstæðar áttir í einni og sömu gjánni. Þetta ber vott um mjög breytilega vatnsleiðni hraunanna umhverfis þær og líklega iðustrauma í þeim.

### 3.4 Dæluprófun

Dæluprófanir eru oft gerðar til að kanna vatnsleiðni jarðlaga. Aðstæður við borholurnar vestan við Kísiliðjuna eru þannig, að erfitt er að koma slíkum prófunum þar við. Mæld var vatnsborðshækkun í borholunni H-6 (Hitaveita Reykjahlíðar), eftir að slökkt var á dælunni. Vatnsborðið steig um 22 sm á 10 sek. Þetta sýnir, að lekt jarðlaganna er mikil þarna.

### 3.5 Efnagreiningar

Í grein Jóns Ólafssonar (1979b) kemur fram, að í lindunum í Langavogi (nr. 19 á 4. mynd) og þar fyrir norðan er náið samband á milli magns fosfats og nítrats, en sunnan hans er ekkert marktækt samband. Þessi mynd breyttist ekkert við endurteknar mælingar 1978. Hins vegar varð veruleg aukning á styrk fosfats og nítrats í lindunum norðan Langavogar frá því, sem það var árið 1969, svo að Jón Ólafsson (1979b) kemst að þeirri niðurstöðu, að þar geti ekki verið um náttúrulega breytingu að ræða.

Þetta bendir eindregið til þess, að uppruni volgu lindanna norðan Langavogar sé annar en volgu lindanna sunnan hans.

Eric de Zeeuw (1983) hefur farið rækilega í gegnum allar eldri og

yngrri efnagreiningar af jarðvatnssýnum bæði úr gjám, borholum og lindum af öllu þessu svæði og metið hvaða áhrif jarðhræringarnar höfðu á steinefnasamsetningu vatnsins. Á Orkustofnun er til verulegt magn af efnagreiningum á vatnssýnum úr borholum og gjám frá mismunandi tímum og hafði Eric de Zeeuw aðgang að þeim öllum, auk þess sem hann sjálfur safnaði sýnum af öllu svæðinu, bæði úr lindum, gjám og borholum. Ekki þykir ástæða til að birta niðurstöður efnagreininganna hér, en nokkur hluti eldri efnagreininganna hefur birst áður (Jón Ólafsson 1979c, Stefán Arnórsson 1977 og Guttormur Sigbjarnarson o.fl. 1974).

Eric de Zeeuw (1983) kemst að sömu niðurstöðu, þ.e. að volga lindavatnið norðan Langavogar sé af öðrum uppruna heldur en sunnan hans, þó að einhver blöndun geti átt sér stað. Ennfremur telur Zeeuw, að efnagreiningarnar fullsanni það, að vatnið í holu Hitaveitu Reykjahlíðar (H-6) sé blandað affallsvatni frá Kísiliðjunni (3. mynd). Áður höfðu athuganir á vatni í holum Kísiliðjunnar sjálfrar (H-2 og H-3) leitt í ljós, að það innihélt kísilþörungum, sem höfðu borist þangað með affallsvatni frá gömlu þrónum norðvestan verksmiðjunnar (3. mynd). Þetta bendir til suðvestlægs grunnvatnsstreymis á verksmiðjusvæðinu sjálfu.

### 3.6 Ferlun grunnvatnsstreymis með Na-fluoresceín.

#### 3.6.1 Inngangur


Gerðar voru tvær tilraunir til þess að rekja grunnvatnsstrauma á svæðinu milli Kísiliðjunnar og Mývatns með Na-fluoresceín. Fyrri tilraunin fór fram sumarið 1981 og var litarefninu þá hellt niður um 1 km austur af Helgavogi. Seinni tilraunin var gerð sumarið 1982 og var litarefninu þá hellt saman við affallsvatn Kísiliðjunnar. Mælingamaður Orkustofnunar, Hjörtur Tryggvason, sá um að skipta um nema, en mælingar á fluoresceín í þeim voru gerðar á Hafrannsóknastofnun undir umsjón Jóns Ólafssonar, efnafraeðings. Lýsing á mælingum og niðurstöðutölur eru í viðauka II.

Árangur tilraunanna varð í stuttu máli sá að sumarið 1981 fékkst ótvíræð svörun á öllum mælistöðum, en 1982 voru svörin ekki jafn ótvíræð á öllum mælistöðum.

